

5. stjórnarfundur Siðmenntar 2020

Þriðjudaginn 24. mars 2020, kl. 17:00 fjarfundur í gegnum Zoom.

Mætt á fund: Inga Auðbjörg K. Straumland (formaður), Kristín Sævarsdóttir, Margrét Pétursdóttir (meðstjórnandi), Karen Edda Benediktsdóttir (meðstjórnandi) Sveinn Atli Gunnarsson (meðstjórnandi), Hope Knútsson (varamaður), Árný Björnsdóttir (varamaður), Stefán Rafn Sigurbjörnsson (varamaður) og Siggeir F. Ævarsson (framkvæmdastjóri).

Boðuð forföll:

Fundarritun: Inga Auðbjörg K. Straumland og Siggeir F. Ævarsson

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

Dagskrá/Fundargerð

1. Áhrif Covid-19 á starfsemi Siðmenntar

a. Starfsemi á skrifstofu

Engin föst mönnun er nú á skrifstofu og allir starfsmenn vinna í fjarvinnu. Bæði Heiðrún og Margrét hafa þó mætt reglulega til að fá vinnufrið. Skrifstofan er þó opin alla virka daga þar sem AFS skrifstofan er enn mönnuð.

Heiðrún er á leið í fæðingarorlof í apríl og hefur minnkað starfshlutfall sitt töluvert af læknisráði.

b. Borgaralegar fermingar

Öllum stórum fermingarathöfnum í samkomubanni hefur verið frestað. Athafnir í Reykjavík verða 17. júní, síðustu helgina í ágúst og ein athöfn í október.

Gríðarleg vinna hefur farið í að endurskipuleggja fermingarnar og hafa Heiðrún og Margrét lyft grettistaki í þeim málum, og lagt nótt við nýttan dag í að koma öllu í eðlilegt horf. Framkvæmdastjóri gerir tillögu um að þær fái álagsgreiðslu á laun sín fyrir marsmánuð.

Nú erum við komin í gegnum stærsta skaflinn í BF vinnunni og vonandi örlítið rólegri tíð framundan í bili. Þó eru ennþá tæplega 100 börn sem eru enn skráð í athafnir í apríl og ekkert hefur heyrst frá aðstandendum.

c. Athafnaþjónusta

Athafnaþjónustan liggur nánast niðri í augnablikinu. Í febrúar var 41 athöfn, sem er að vísu óvenju mikið. Það stefnir í 7 athafnir alls í mars og 2 eru á dagskrá í apríl. Erlendar athafnir á næstu vikum og mánuðum eru í fullkominni óvissu.

Athafnastjórar sem þegar hafa skráð sig á komandi athafnir á árinu, geta óskað eftir að fá allt að 4 þeirra greiddar fyrirfram. Þessi ráðstöfun verður í gildi til 1. júní.

Framkvæmdastjóri klárar að setja á staðfestingagjald í samstarfi við athafnaráð, og setur það á vefinn.

d. Erlent samstarf

Norræni fundurinn í Færeyjum hefur ekki verið formlega blásinn af, en allt bendir til að hann falli niður. Við fáum flugið 80% endurgreitt og gistingu 50%

Aðalfundur EHF í Róm í lok maí er einnig ennþá á dagskrá en hlýtur að verða blásinn af. Ekkert hefur verið bókað á hann enn.

Aðalþingið í Miami er enn á dagskrá, en Norðmenn hafa þegar gefið út að þeir muni senda mjög fáa fulltrúa. Aðalþing ungliðahreyfinga hefur þegar verið blásið af.

2. Ársgjald HI

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

- a. Stjórn HI hefur svarað ósk okkar um samningaviðræður um lækkað gjald neitandi. Samkvæmt óformlegu samtali við Tom Hedalen, formanni HEF, eru Norðmenn þó í slíkum viðræðum. Framkvæmdastjóri hefur sent formlegt erindi á Trond Enger, framkvæmdastjóra HEF, til að afla upplýsinga um stöðuna þeirra megin. Trond hefur mótttekið erindið en ekki haft tíma til að svara sökum Covid anna.

Í gær barst svo óvænt nýr reikningur frá HI, sem er um 18% lægri, án nokkurra skýringa. Framkvæmdastjóri hefur óskað eftir nánari útskýringum frá HI.

Stjórn ákveður að:

- i. Óska eftir formlegum fundi með Norðmönnum
- ii. Fá yfirlit frá HI yfir tekjulindir aðildarfélag, sérstaklega tekjulindir frá félagsgjöldum og ríkisstyrkjum, vs. aðra tekjuliði

3. Fjarhugvekjur - (Sveinn Atli)

a. Nánari bollaleggingar

Lagt fram minnisblað um hugmyndina. Stjórn vinnur hugmyndir eitthvað áfram innanhúss og svo er planið að kanna áhuga meðal athafnastjóra í að taka þátt og/eða koma með hugmyndir

4. Önnur mál

a. Vefur - þarfagreining

Inga, Karen, Sveinn taka upp þráðinn og útbúa þarfagreiningu og útboð.

b. Lífsskoðunarkönnun

Inga og Stebbi gera fjölmiðlaplan.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 7. apríl kl. 17 á zoom.

Fundi slitið klukkan: 18:05

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands